



Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

## LANDSKEPPNI ÍSLAND - NOREGUR.

Stúlkurnar stóðu sig stórkostlega og unnu þær norsku 5-1.

Jafnara var hjá strákunum, en þar unnu Norðmenn með 3 ½ vinningi á móti 2 ½ vinningi Íslendinga.

Í fyrstu viðureign mættust Edda Blöndal og Aniken Leifstad frá Þrándheimi. Í byrjun var viðureignin þung fyrir Eddu en reynsla hennar umfram Anniken færði henni sigur.

Sólveig Sigurðardóttir mætti Kim Henriksen frá Osló sem hefur unnið 19 Noregsmeistaratitla. Miklar vonir voru bundnar við Sólveigu þar sem hún varð í 3. sæti í Opna Enska Unglingamótinu (Open English Junior) fyrir viku síðan, en því miður bar hún lægri hlut.

Nýliði íslensku kvennanna Auður Olga Skúladóttir sem á ennþá eftir tvö ár sem "junior" stóð sig vonum frammar er hún sigraði Gunhild Vadla frá Stavanger, Gunnhild á langan keppnisferil að baki.

Í fyrstu umferð karla mættust Ingólfur Snorrason og Geir Magne Barstad frá Molde. Þeir eru báðir stæðilegir menn og varð viðureignin í harðara lagi. Ingólfur hafði sigur eftir glæsilegt spark sem gaf honum 2 stig.

Andri Sveinsson stóð sig vonum frammar er hann vann Steffen Larsen frá Stavanger 7:4, en Steffen varð í 3. sæti á Evrópumeistaramóti unglunga í fyrra.

Jón Ingi Þorvaldsson lenti á móti landsliðsþjálfar Noregs, Sveinung Byberg. Sveinung er mjög sterkur karatemaður og á að baki glæstan alþjóðlegan ferli, hefur m.a. unnið British Open, US Open og orðið Norðurlandameistari 4 sinnum svo fátt eitt sé nefnt. Jón Ingi varð að lúta í lægri hlut eftir mjög skemmtilega viðureign .

Í síðari umferðinni mætti Ingólfur Steffen. Þarna var verulegur stærðarmismunur á keppendum, og kom Steffen á óvart er hann byrjaði að skora stig á mót Ingólfi sem er mun stærri. Mikil keppnisreynsla Ingólfs leiddi til þess að hann náði jafntefli.

Jón Ingi mætti Geir og varð mjög jafn bardagi sem endaði þó með sigri Geirs 5:4.

Lokabardagi karlanna var á milli Sveinungs og Andra. Sveinung sýndi mjög skemmtilega "tækni" og leiddi viðureignina frá byrjun, en unglingurinn Andri sýndi góð tilþrif í lok viðureignarinnar og náði 3 stigum á móti 8 stigum Sveinung.

Þegar eftir voru 3 viðureignir kvenna var jafnt á milli Íslendinga og Norðmanna í heildarstigum, þ.e. 4 ½ vinningur á móti 4½. Íslensku stúlkurnar tóku þá norsku stúlkurnar með trompi og sigruðu allar viðureignirnar með öryggi. Edda 3:2 á móti Gunhild, Auður 3:1 á móti Kim og trompaði Sólveig þetta með sigri 8:5 á móti Anniken.

Heildamiðurstaðan varð því sú að íslensku stúlkurnar unnu þær norsku 5:1 en norsku strákarnir unnu okkar menn 3½: - 2½.